

Saxófónn

Nám á saxófón getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á og ferðast með hljóðfærið. Algengast er að saxófónnám hefjist þegar nemendur eru 10–12 ára gamlir þó að dæmi séu þess að nemendur hafi byrjað fyrr. Oft þykir æskilegt að nemendur læri á annað minna og meðfærilegra tréblásturshljóðfæri fyrst og skipti svo þegar kennarinn telur henta. Þetta getur verið heppilegt en er þó alls ekki nauðsynlegt.



Algengustu meðlimir saxófónfjölskyldunnar eru sópran-, alt-, tenór- og barítónsaxófónar.

Megnið af klassískum tónbókmenntum saxófónsins er skrifað fyrir altsaxófón. Algengast er því að nemendur læri á það hljóðfæri, einkum þeir sem áhuga hafa á klassískri tónlist. Nemendur, sem hyggja á framhaldsnám í saxófónleik á klassísku sviði, ættu að nota altsaxófón sem aðalhljóðfæri, a.m.k. frá miðþrófi.

Val á saxófóni er ekki í jafn föstum skorðum þegar kemur að djass-, popp- og rokktónlist. Nemendur, sem leggja áherslu á slíka tónlist, geta haft hvaða saxófón sem er sem aðalhljóðfæri en alt- og tenórsaxófónar eru þó algengastir. Nám í djass-, popp- og rokktónlist fer fram samkvæmt námskrá í rytmískri tónlist.

Öllum saxófónnemendum er hollt að kynnast fleiri en einum af meðlimum saxófónfjölskyldunnar einhvern tíma á námsferlinum.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).